



Þínar þarfir - okkar þjónusta

Umhverfisskýrsla 2012

www.holdur.is



Útgefandi: Bílaleiga Akureyrar

Ritstjórn: Jón Gestur Ólafsson

Bernharð Már Sveinsson

Vilhelm Þorri Vilhelmsson

Myndir: Anders Peter photography

Tryggvi Már Gunnarsson

Inngangur

Á árinu 2012 var unnið að fjölmörgum verkefnum er tengjast umhverfismálum í rekstri Bílaleigu Akureyrar, sem leitar stöðugt leiða til umbóta í gæða-og umhverfismálum. Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfisins ISO 14001 í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Akureyri hefur verið í forgangi, og hefur það ferli gengið mjög vel. Á starfsstöðinni í Reykjavík var áhersla lögð á orkunotkun og unnið var að umhverfislegri hagræðingu þar með framkvæmdum er varða upphitun auk þess sem talsverður árangur náðist með uppsetningu á nýrri sjálfvirkri þvottastöð en kaldvatnsnotkun dróst saman um 22,87% miðað við fjölda útleigðra bifreiða á árinu. Þá lækkaði meðaltal CO₂ g/km á bíl um 4,48% sem er mjög jákvæð þróun, en aldrei hafa jafnmargar bifreiðar verið með útblástur undir 120 CO₂ g/km og nú. Flokkun úrgangs var endurskoðuð í júní og í tveimur nýjum flokkum til endurvinnslu náðist góður árangur. Það er í flokkun á blöðum, tímaritum og öðrum áður óflokkuðum pappír auk lífræns úrgangs til moltugerðar.

Þann 4. Júlí 2012 fékk Bílaleiga Akureyrar gæða,-og umhverfiskerfi Vakans og erum við stolt af þeim áfanga. Þáttaka í Vakanum er okkur mikilvæg og fyrirtækið hvetur alla aðila í ferðapjónustu til að taka þátt í Vakanum og efla þannig gæða-, öryggis-og umhverfisvitund í greininni.

Á árinu 2013 ætlar Bílaleiga Akureyrar að leggja áherslu á fræðslu um umhverfismál og umgengni við náttúru íslands til erlendra ferðamanna en það er mikilvægur þáttur í að varðveita viðkvæma náttúru landsins og tryggja framtíð hennar og komandi kynslóða.

Ég þakka öllum starfsmönnum fyrirtækisins fyrir þeirra framlag að umhverfismálum og uppbyggingu á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins.

Það er von framkvæmdastjóra að þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni auðveldi almenningi að átta sig á umhverfislegu umfangi í rekstri fyrirtækisins og því leiðandi starfi sem Bílaleiga Akureyrar vinnur að í umhverfismálum. Allar upplýsingar í þessari skýrslu eru réttar og samkvæmt okkar bestu vitund.



Bergþór Karlsson
Framkvæmdastjóri

Umhverfisstefna Bílaleigu Akureyrar

Stjórnendum Bílaleigu Akureyrar er vel kunnugt um neikvæð umhverfisáhrif af rekstri bifreiða og vilja þeir leggja sitt að mörkum til að draga úr þeim áhrifum eins og kostur er. Bílaleiga Akureyrar ætlar að vinna að bættri nýtingu auðlinda og stuðla þannig að sjálfbærri þróun. Með þetta að leiðarljósi hefur fyrirtækið einsett sér að vinna að stöðugum umbótum í umhverfismálum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum sem rekstur bílaleigu hefur í för með sér.

Bílaleiga Akureyrar ætlar að:

- Tryggja að starfsfólk hljóti þjálfun og sé upplýst um umhverfisþætti fyrirtækisins og að alltaf sé farið eftir lögum og reglugerðum um umhverfismál.
- Minnka útblástur frá bílaflota fyrirtækisins. Það verður gert með því að taka mið af útblæstri CO₂ við innkaup á nýjum bifreiðum.
- Flokka þann úrgang sem til fellur hjá fyrirtækinu og virkja starfsfólk til betri nýtingar hráefna og endurnotkunar sé þess kostur.
- Vinna að vöktun umhverfispátta samkvæmt ISO 14001.
- Upplýsa viðskiptavinum sínum um orkusparandi akstur og umgengni við náttúru landsins.
- Halda grænt bókhald og gefa árlega út umhverfisskýrslu til að upplýsa almenning um stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu.
- Styðja landgræðsluverkefni á Íslandi.

Auk beinna áhrifa vona stjórnendur fyrirtækisins að gott fordæmi í umhverfismálum verði öðrum fyrirtækjum í ferðaþjónustu, stofnunum og almenningi hvatning til að leggja áherslu á umhverfismál og sjálfbæra þróun. Það er skylda okkar að axla ábyrgð og huga að framtíð komandi kynslóða.



Umhverfisþættir

Frá árinu 2011 hafa engar breytingar orðið á skilgreiningu A og B umhverfisþátta en minniháttar breyting varð á flokkun sorps. Frá því í júníbyrjun hefur lífrænn úrgangur, plast sem til fellur á kaffistofum og annar pappír (blöð og tímarit) verið flokkað sér og skráð sem C umhverfisflokkur.

Vöktun og stýring fer fram í samræmi við skráðar verklags- og vinnureglur. Með vöktun umhverfisþátta aflar fyrirtækið sér mikilvægra upplýsinga sem eru meðal annars sá grunnur sem liggur til hliðsjónar þeirra markmiða sem Bílaleiga Akureyrar setur sér í umhverfismálum.

Fyrirtækið flokkar umhverfisþætti sína þannig:

- A- Mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að stýra.
- B- Síður mikilvægur umhverfisþáttur sem nauðsynlegt er að þekkja og stýra en krefst ekki vöktunar.
- C- Lítilvægur umhverfisþáttur sem ekki er nauðsynlegt að viðhalda upplýsingum um.

A- Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni
Eldsneyti (útblastur frá bílum CO₂ g/km)
Spilliefni
Fastur úrgangur
Frárennsli

B- Síður mikilvægir umhverfisþættir

Hjólbarðar
Heitt vatn
Kalt vatn
Rafmagn
Umgengni við náttúruna
Landgræðsla

A Mikilvægir umhverfisþættir

Eiturefni og hættuleg efni

Í rekstri bílaleigu er efnanotkun umtalsverð vegna viðhalds, viðgerða og þrifa. Eiturefni og hættuleg efni eru því skilgreind sem mikilvægur umhverfisþáttur í vöktun og stýringu.

Mikil áhersla er lögð á stýringu umhverfisþáttarins en verklag í innkaupum og þjálfun starfsmanna eru meðal þeirra þátta sem sérstök áhersla var lögð á á árinu. Ítarlegt yfirlit yfir eiturefni og hættuleg efni er yfirfarið tvisvar á ári og öryggisblöð fyrir efnin eru aðgengileg öllum starfsmönnum. Verklag við meðhöndlun og geymslu efna hefur verið skilgreint sem tekur bæði til vöktunar og stýringar á þessum þætti.

Efni eru metin við innkaup út frá þeim viðmiðum sem fyrirtækið hefur sett sér. Við innkaup á eiturefnum og hættulegum efnum skal velja þá vöru sem telst síður skaðleg umhverfinu og heilsu manna ef vörur eru sambærilegar að öðru leyti. Hjá Bílaleigu Akureyrar teljast eftirfarandi merkingar óæskilegar við innkaup á eiturefnum og hættulegum efnum.



Tafla 1. Eiturefni og hættuleg efni RVK

	2010	2011	2012
Lítrar	11.373,6	17.111,1	21.294,2

Tafla 1.a Eiturefni og hættuleg efni KEF

	2010	2011	2012
Lítrar	*	2.165	2.457,9

Eldsneyti / útblástur frá bílum CO₂ Heild

Frá árinu 2007 hefur áhersla verið lögð á að minnka útblástur CO₂ í bílafloata fyrirtækisins. Það hefur verið gert með því að taka mið af útblæstri við bílakaup. Í árslok 2012 átti fyrirtækið 380 bifreiðar með CO₂ g/km undir 120. Á sama tíma átti fyrirtækið 21 metanbifreið, auk þess sem fest voru kaup á einni rafmagnsbifreið. Þá má einnig geta þess að yfir 50% bílafloata er nú dieselknúinn. Við erum mjög stolt af þessum árangri og hefur þessi markvissa vinna skilað sér í lækkuðu meðaltali CO₂ g/km.

Þá gerir fyrirtækið sér grein fyrir mikilvægi vistvæns aksturs og leiðbeiningar um vistvænan akstur er að finna á heimsiðu fyrirtækisins auk þess sem starfsmenn fá kynningu á vistvænum akstri.

Bílaleiga Akureyrar setti sér markmið um að lækka meðaltal CO₂ gildi flotans um 1% milli ára. Í töflu 1 má sjá meðaltal CO₂ g/km á bíl í flotanum, og þegar meðaltal ársins 2012 er borið saman við árið á undan má sjá að CO₂ g/km lækkaði um 4,48% sem er langt umfram væntingar.

Tafla 1. Útblástur CO₂ g/km

	2009	2010	2011	2012
Útblástur CO ₂ g/km.	180,21	174,51	172,04	164,33

Spilliefni

Þau spilliefni sem koma frá rekstri Bílaleigu Akureyrar á vöktuðum útleigustöðvum falla undir þennan flokk og er þeim komið í eyðingu eða endurvinnslu samkvæmt opinberum kröfum. Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau spilliefni sem til féllu á árinu.

Tafla 2. Spilliefni

	2009	2010	2011	2012
Olíusíur	724 kg.	769 kg.	548 kg.	521 kg.
Olíumettur úrgangur	91 kg.	110 kg.	182 kg.	166 kg.
Rafgeymar	1.024 kg.	483 kg.	449 kg.	794 kg.
Úrgangsolía	9.900 ltr.	5.940 ltr.	5940 ltr.	6474 ltr.
Önnur spilliefni	0 kg.	47 kg.	0 kg.	52 Kg.

Fastur úrgangur

Breyting varð á flokkun þessa liðar á árinu eftir endurskoðun í júnímánuði. Áður var einungis flokkað í almennt sorp, málma, bylgjupappír og skrifstofupappír en til að bæta umhverfislegan ávinning var þá hafist handa við að flokka annan pappír, svo sem blöð og tímarit auk lífræns úrgangs til moltugerðar. Í töflu 3 má sjá heildarmagn úrgangs eftir þessum flokkum, en þar sést að magn almenns sorps hefur minnkað milli ára. Það má skýra með flokkun annars pappírs og lífræns úrgangs sem áður fór óflokkað með almennu sorpi.

Tafla 3. Fastur úrgangur

	2009	2010	2011	2012
Almennt sorp	8540 kg.	8.620 kg.	10.030kg.	8.650kg.
Málmar	1.900 kg.	3.200 kg.	880 kg.	2.950kg.
Bylgjupappi	470 kg.	900 kg.	815 kg.	1.155kg.
Skrifstofupappír	145 kg.	105 kg.	135 kg.	165kg.
Annar pappír	-	-	-	1.842kg.
Lífrænt til moltugerðar	-	-	-	456kg.

Frárennsli

Frárennsli frá starfsstöðinni rennur í gegnum sand-og olíuskilju sem staðsett er neðanjarðar. Olíuúrgangur úr olíuskiljunni er losaður af viðurkenndum aðila og upplýsingar um magn úrgangsolíu má sjá í töflu 4. Olíuskiljan var losuð 2 á árinu og skilar hún 340 lítrum í hvert skipti.

Tafla 4. Frárennsli

	2009	2010	2011	2012
Olíuúrgangur (olíuskilja)	680 ltr.	680 ltr.	680 ltr.	680 ltr.

B Umhverfisþættir

Hjólbarðar

Talsvert magn hjólbarða fellur til sem úrgangur hjá fyrirtækinu ár hvert en áhersla er lögð á að minnka hlutfall nagladekkja eins og kostur er. Erfitt er að stýra þessum umhverfisþætti en notkun hjólbarða helst í hendur við notkun bílafloata fyrirtækisins. Fyrirtækið leggur þó áherslu á að starfsmenn gæti þess að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ávallt réttur til að komast hjá óþarfa slit, en að auki er þess gætt að nýting hjólbarða sé góð. Þó er vert að taka fram að öryggissjónarmið eru auk, umhverfissjónarmiða, alltaf höfð að leiðarljósi hvað nýtingu hjólbarða varðar.

Í töflu 5 má sjá upplýsingar um magn fullnýttra hjólbarða sem fellur til á starfsstöðinni.

Tafla 5. Hjólbarðar

	2008	2010	2011	2012
Hjólbarðar	20.773kg.	17.310kg.	17.510kg.	14.270kg.

Heitt vatn

Markviss vöktun er á heitavatnsnotkun hjá fyrirtækinu og áhersla lögð á að heitu vatni sé ekki sóað í óþarfa. Eru starfsmenn hvattir til að spara notkun á heitu vatni eins og kostur er. Heitt vatn er notað til upphitunar í húsnæði fyrirtækisins að Skeifunni 9 en á árinu 2012 voru allir hitablásarar í þjónustudeild endurnýjaðir og fullkomnari blásarar með betri hitastýringu settir upp. Auk upphitunar er heitt vatn notað í litlu mæli í þjónustudeild bifreiða. Í töflu 6 má sjá yfirliti yfir heitavatnsnotkun. Notkunin hefur aukist á milli ára, en ef litið er til aukins umfangs í rekstri hefur hlutfallsleg notkun á vatni miðað við útleigur bifreiða aukist um 3,31%.

Tafla 6. Heitt vatn

	2009	2010	2011	2012
Heitt vatn m ³	11.793	7.660	8465	9376

Kalt vatn

Við þrif á bifreiðum fyrirtækisins er kalt vatn notað og stýring er á kaldavatnsnotkun í sjálfvirkri bílþvottavél fyrirtækisins í Skeifunni 9. Í apríl var sett upp ný þvottavél sem góð reynsla er komin á og hefur hún haft í för með sér umtalsverðan samdrátt í notkun á köldu vatni. Einnig er lögð á áhersla á að farið sé sparlega með kalt vatn í annarri notkun. Í töflu 7 er yfirlit yfir kaldavatnsnotkun en notkun á köldu vatni dróst saman um 22,87% á milli ára sé litið til hlutfallslegrar notkunar miðað við aukin umfangs í rekstri og er það mjög ánægjuleg þróun.

Tafla 7. Kalt vatn

	2009	2010	2011	2012
Kalt vatn m ³	3.794	3.858	3.713	3071

Rafmagn

Rafmagn er notað til lýsingar og annarrar almennrar notkunar í rekstri fyrirtækisins. Lögð er áhersla á að starfsfólk spari notkun rafmagns og slökkvi á rafmagnstækjum þegar þau eru ekki í notkun. Í töflu 8 má sjá yfirlit yfir rafmagnsnotkun en hún jókst um 2,05% á milli ára þegar tekið hefur verið tillit til hlutfallslegrar notkunar miðað við aukið umfang í rekstri.

Tafla 8. Rafmagn

	2009	2010	2011	2012
Rafmagn kWh	102.942	105.678	113.777	124.490

Umgengni við náttúruna

Líkt og undanfarin ár leggur Bílaleiga Akureyrar mikið uppúr fræðslu til viðskiptavina fyrirtækisins og þá sérstaklega akstur utan vega sem getur valdið rofi og sári á jarðvegi sem langan tíma getur tekið að gróa. Viðskiptavinum er afhent tímarit sem gefið var út í fyrsta sinn á árinu 2012 þar sem meðal annars kemur fram að akstur utan vega sé bannaður samkvæmt lögum og afleiðingar slíks aksturs koma þar einnig fram. Á heimasíðu fyrirtækisins eru einnig upplýsingar um leiðir til að minnka orkunotkun á akstri og stunda þannig „vistakstur“.

Stjórnendur fyrirtækisins vona að með fræðslunni megi minnka akstur utan vega og þannig sé stuðlað að bættri umgengni við náttúruna. Starfsmenn fyrirtækisins hljóta fræðslu í meðhöndlun efna og viðbrögðum vegna umhverfisóhappa til að minnka líkur á að óæskileg efni berist með frárennsli eða öðrum hætti út í náttúruna.

Landgræðsla

Fyrirtækið setti sér markmið um gróðursetningu 1500 plantna á Hólasandi og 300 plantna í Heiðmörk á árinu. Starfsmenn í Reykjavík gróðursettu 700 plöntur í Heiðmörk sem er talsvert meira en áætlað hafði verið. Á Hólasandi var gróðursetning áætluð í september líkt og undanfarin ár en þar sem harður vetur brast á norðurlandi í byrjun september varð ekkert úr gróðursetningu þar og því náðist markmiðið ekki nema að hluta. Það þýðir þó ekki að gefast upp þó á móti blási og stefnir fyrirtækið að því að flytja markmið ársins varðandi gróðursetningu á Hólasandi yfir til ársins 2013.

Með gróðursetningu leitast fyrirtækið við að sporna gegn þeim neikvæðu umhverfisáhrifum sem reksturinn hefur í för með sér. Með landgræðslu er unnið gegn losun gróðurhúsalofttegunda með aukinni kolefnisbindingu en auk þess má með landgræðslu draga úr gróðureyðingu og endurheimta örfoka land.



Tafla 9. Landgræðsla

	2009	2010	2011	2012
Trjáplöntur	-	2100	2369	700

Öryggismál

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum hefur verið gerð og er hún endurmetin árlega. Með áætluninni er leitað leiða til að tryggja öryggi og heilbrigði allra starfsmanna fyrirtækisins við dagleg störf. Auk þess er áhersla lögð á að vinna að bættu öryggi viðskiptavina fyrirtækisins og höfum við átt ánægjulegt samstarf við tryggingafélög, Vegagerðina og fleiri aðila á því sviði, t.d. með útgáfu upplýsingarita sem afhent eru öllum viðskiptavinum. Á árinu var lögð sérstök áhersla á upplýsingar um færð og veður á vegum landsins auk forvarna um hraðakstur og notkun bílbelta.

Fræðsla og þjálfun

Fjórtán námskeið voru haldin á vegum fyrirtækisins á árinu 2012, þar af tvö tengd umhverfismálum og þrjú tengd öryggismálum. Nýjir starfsmenn hjá fyrirtækinu hljóta ítarlega fræðslu í gæða- umhverfis- og öryggismálum þegar þeir hefja störf þar sem stefna og skipulag er skoðað og farið er ítarlega yfir viðbúnað og viðbrögð við umhverfisatviki eða neyðarástandi. Auk þess stendur fyrirtækið fyrir markvissri endurmenntun starfsmanna allt árið um kring. Umhverfisþættir fyrirtækisins eru einnig kynntir starfsmönnum og farið er yfir mikilvægi umhverfismála á sérstöku umhverfisstjórnunar-námskeiði. Eins er reglulega haldið námskeið í efnastjórnun þar sem farið er yfir merkingar og meðhöndlun eitrefna og hættulegra efna.

Aðrar starfsstöðvar

Akureyri

Höfuðstöðvar Bílaleigu Akureyrar standa við Tryggvabraut 12 á Akureyri. Á árinu átti sér stað áframhaldandi vinna við innleiðingu umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001 og gæðastjórnunarstaðalsins ISO 9001 þar sem lokið var við innleiðingu á umbótaferli, innkaupum, flokkun sorps og vöktun umhverfisþátta. Áætlað er að á starfsstöðinni á Akureyri verði umhverfisstjórnunarkerfið orðið virkt að fullu í árslok 2013.



Umboðsmenn

Alls eru starfræktir 16 afgangslustaði undir merkjum Bílaleigu Akureyrar á landinu en auk starfsstöðva í rekstri fyrirtækisins eru umboð víðsvegar um land. Þau eru í Borgarnesi, á Ólafsvík, Ísafirði, Patreksfirði, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn Vopnafirði, Neskaupstað, Egilsstöðum, Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Selfossi og Hveragerði.

Sú krafa er gerð til umboðsmanna að þeir kynni sér umhverfisstefnu fyrirtækisins og mikilvæga umhverfisþætti í rekstri fyrirtækisins. Umboðsmenn eru auk þess hvattir til að kynna sér önnur umhverfismálefni Bílaleigu Akureyrar vel og fylgja eftir þeim umhverfislegu gildum sem stjórnendur fyrirtækisins vilja að höfð séu að leiðarljósi.